

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2001/EES/57/01

frá 23. febrúar 2000

þar sem framlengdur er mögulegur gildistími bráðabirgðaleyfis fyrir nýja virka efnið kínoxýfen(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 479)

(2000/166/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópu-banda-lagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá

15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmda-stjórnarinnar 1999/80/EB⁽²⁾, einkum fjórðu undirgrein 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 91/414/EBE (hér á eftir nefnd „tilskipunin“) er kveðið á um gerð bandalagsskrár yfir virk efni sem leyfilegt er að nota í plöntuvarnarefni.
- 2) Dow Elanco afhenti 1. ágúst 1995 breskum yfirvöldum skjöl um nýja virka efnið kínoxýfen í þeim tilgangi að fá virka efnið skráð í I. viðauka við tilskipunina.
- 3) Verið er að meta áhrif kínoxýfen á heilbrigði manna og umhverfið með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandi fyrirhugar, í samræmi við ákvæði 2. og 4. mgr. 6. gr. í tilskipuninni. Breska konungsríkið, sem kemur fram sem tilnefnt skýrslugjafarríki, lagði matskýrslu þá er um ræðið fyrir framkvæmdastjórnina 11. október 1996.
- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin eru að fara yfir skýrsluna innan ramma fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði og í vinnuhópum hennar.

5) Að því er varðar kínoxýfen var óskað eftir viðbótargögnum um eiturhrif við æxlun fugla, eiturhrif við æxlun ánamaðka, lífrænt niðurbrot og uppsöfnun í jarðvegi.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að framlengja gildistíma bráðabirgðaleyfa, sem hafa þegar verið veitt fyrir plöntuvarnarefnum sem innihalda kínoxýfen, en þó ekki um meira en 24 mánuði frá dagsetningu þessarar ákvörðunar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildar-ríkjanna.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 52, 25.2.2000, bls. 44, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2000 frá 22. desember 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 9, 22.2.2001, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 210, 10.8.1999, bls. 13.